

Hlítnistefna

Tilgangur

Tryggja að starfsfólk og stjórnendur Ósa, Icepharma og Parlogis ("Ósa" eða "samstæðan"), fari ávallt að lögum, reglum og innri reglum sem gilda um starfsemina og geri allar tiltækar ráðstafanir til að haga störfum með þeim hætti.

GILDISSVIÐ

Hlítnistefna þessi nær til Ósa og dótturfélaganna Icepharma og Parlogis, og gildir um allt starfsfólk samstæðunnar og þá aðila sem ráðnir eru til verktöku.

ÁBYRGÐ

Forstjóri ber ábyrgð á:

- Að hlítnistefna sé í samræmi við gildi og markmið Ósa.

Gæðastjórnar bera ábyrgð á:

- Að starfsfólk fái fræðslu um hlítni. Að innleiða verklagsreglur sem styðja við þessa stefnu.

Framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á:

- Að hafa eftirlit með því að viðeigandi ferlar og kerfi séu til staðar til að tryggja hlítni starfsfólks og verktaka við stefnu þessa og bera einnig ábyrgð á eftirliti með því að stefnunni sé framfylgt.
- Að starfsfólk sem tilheyrir þeirra einingum sækir fræðslu er varðar stefnu þessa og starfi í samræmi við lög, ytri og innri ferla og reglur.

Starfsfólk:

- Skal þekkja og starfa í samræmi við stefnu þessa.
- Skal hafa það að markmiði að orðspor og ímynd samstæðunnar skaðist ekki.

HLÍTNISTEFNA

- Starfsfólk skal þekkja þau lög og reglur sem um störf þeirra gilda og starfa samkvæmt þeim.
- Ósar styður við sterka áhættuvitund og leggur áherslu á hlítu við ytri og innri reglur.
- Starfsfólki ber að starfa með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi og ber fyrst og fremst að huga ávallt að hag neytenda.
- Starfsfólk skal þekkja [siða- og samskiptareglur Ósa](#).

Ábendingar og eftirlit

Virkt eftirlit er með fylgni við þessa stefnu. Eftirlitið felst frávikaskráningu og í innra eftirliti á starfsemi félaganna.

Samstæðan er með tryggt ferli fyrir ábendingar eða tilkynningar um misferli en með misferli er átt við þegar félög innan samstæðunnar eða starfsfólk hefur í störfum sínum orðið uppvíst að ólöglegu athæfi, valdið öðrum tjóni eða brotið gegn siða- og/eða samskiptareglum. Samstæðan tryggir að allar ábendingar og tilkynningar um misferli fái rétta meðferð og nafnleysi tilkynnandans sé tryggt. Sjá nánar [Meðferð ábendinga og tilkynninga um misferli og vernd uppljóstrara \(Whistle-blower\) hjá Ósum og dótturfélögum](#).

Aðgerðir og viðurlög við brotum

Aðgerðir fara eftir alvarleika brots. Aðgerðir geta t.d. falið í sér endurbjálfun starfsmanns á ákveðnu verkferli eða að viðkomandi sé veitt áminning.

Alvarlegt brot getur varðað brottvikningu úr starfi. Brot á stefnu þessari getur varðað við hegningarlög, sjá nánar í [Agastefnu Ósa](#).